



UMHVERFISSTOFNUN

## Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu fyrir

### Norðurál Grundartanga ehf.

Álver Norðuráls Grundartanga ehf. starfar samkvæmt starfsleyfi sem gefið var út árið 2003 og gildir til 2020 og gefur heimild til framleiðslu á allt að 300.000 tonnum af áli á ári. Fyrirtækið hefur áform um að auka framleiðslu sína í allt að 350.000 tonn á ári sem kallar á að gera þarf nýtt starfsleyfi. Framleiðsluaukninguna á að framkvæma með straumhækkun og er því ekki um að ræða fjölgun á kerjum, stækkun kerskála eða verulega breytingu á ásýnd verksmiðjunnar.

Skipulagsstofnun tók 26. júní 2014 ákvörðun um matsskyldu fyrir umrædda framkvæmd en hún telst lögum samkvæmt vera framkvæmd sem sérstaklega þarf að meta hvort hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis hennar, staðsetningar eða eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var á þann veg að hún væri ekki líkleg til að hafa slík umtalsverð áhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þrátt fyrir þá niðurstöðu komu engu að síður ýmis atriði fram í matsskylduákvörðunarferlinu um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og við gerð starfsleyfistillögunnar var litið til þeirra atriða.

Umsókn um starfsleyfi barst til Umhverfisstofnunar í október 2014. Henni fylgdi ekki tilskilið deiliskipulag þegar að var gáð, en samkvæmt bókun á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar (15. júlí 2015) rúmaðist framleiðsluaukningin ekki innan gildandi deiliskipulags. Tillaga að breyttu deiliskipulagi fór í auglýsingu 17. júlí s.l. Óheimilt er að gefa starfsleyfi út til lengri tíma en fjögurra ára, ef starfsemin samrýmist ekki gildandi deiliskipulagi.

Við gerð tilögunnar lagði Umhverfisstofnun áherslu á að afla þurfi betri upplýsinga um losun álversins á þungmálmum og PAH-efnum og verður það nú gert með reglubundnum hætti. Þá eru tekin upp ný umhverfismörk utan þynningarsvæðis sem gilda fyrir heildarflúor, en áður voru eingöngu í gildi slík mörk fyrir flúoríð. Heildarflúor hefur engu að síður verið mældur.

Annað atriði sem tillagan tekur á er að ekki stendur til að leyfa hærri heildarlosun á ári af flúor en áður, þrátt fyrir meiri framleiðslu. Þetta er útfært þannig að á meðan ársframleiðsla er undir 320.000 tonnum eru mörkin sett við 0,47 kg/tonn Al, en verði framleitt meira lækka mörkin sjálfkrafa niður í 0,43 kg/tonn Al. Mörkin í núgildandi starfsleyfi eru 0,5 kg/tonn og mörkin eru því lækkuð í auglýstri tillögu.

Tillagan mun liggja frammi ásamt umsóknargögnum á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar á tímabilinu 25. ágúst til 20. október 2015. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til 20. október 2015. Athugasemdirnar eiga að vera skriflega og þær skal senda til Umhverfisstofnunar (til dæmis með bréfi eða á netfangið [ustst.is](mailto:ustst.is)). Öll gögn verða einnig aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is/>.

Fyrirhugaður er opinn kynningarfundur um tillöguna og starfsleyfisveitingar Umhverfisstofnunar. Fundurinn verður haldinn í Fannahlíð mánudaginn 31. ágúst kl. 17:00. Á fundinum verður fjallað um starfsleyfistillöguna og starfsleyfisveitingar Umhverfisstofnunar. Orðið verður síðan gefið laust.